

Minnisblað

Dagsetning: 24.1.2025
Viðtakandi: Bjarni Jónasson, Náttúruverndarstofnun
Sendandi: Hálf dán Helgi Helgason, Náttúrustofu Austurlands, Yann Kolbeinsson og Þorkell Lindberg Þórarinsson, Náttúrustofu Norðausturlands
Efni: Veiðitími svartfugla við Ísland og tillaga að styttingu

Inngangur

Á fundi fulltrúa nokkurra náttúrustofa, Náttúrufræðistofnunar og Umhverfisstofnunar í desember sl., um stöðu og vöktun bjargfugla hér á landi, spunnust nokkrar umræður um fyrirkomulag veiða á svartfuglum, þá aðallega varðandi tímasetningu loka veiðitímabils. Áhyggjur og umræður um lengd veiðitímabils að vori í samhengi sjálfbærni viðmiða og alþjóðasamninga um náttúruvernd hafa reglulega borið upp á undanförunum árum, m.a. í skýrslum Náttúrustofu Norðausturlands um vöktun bjargfugla á Íslandi til Umhverfisstofnunar. Ýmis stofnvistfræðileg rök eru fyrir því að veiða ekki á þeim tíma sem um ræðir í samhengi sjálfbærni og meginsjónarmiða alþjóðasamninga um náttúruvernd um að fuglar séu ekki veiddir eftir að þeir snúa aftur til varpstöðva frá vetrarstöðvum. Í framhaldi fundarins óskaði Umhverfisstofnun eftir því að Náttúrustofa Norðausturlands og Náttúrustofa Austurlands tækju saman minnisblað um fyrirliggjandi gögn og rökstuðning fyrir styttingu veiðitímabilsins að vori. Í kjölfarið yrði málið tekið fyrir hjá samráðsnefnd um sjálfbærar veiðar.

Úttektir á stærð bjargfuglastofna og reglubundin vöktun bjargfugla og lunda hér á landi bendir til langtímafækkunar á stuttnefjum og lundum á síðustu áratugum (Arnþór Garðarsson o.fl. 2019, Yann Kolbeinsson o.fl. 2023, Erpur Snær Hansen og Rodrigo Ademar Martinez Catalan 2024). Eftir fækkun milli 1985 og 2008 virðist langvím og álkum aftur á móti hafa fjölgað á ný hin síðari ár. Hvað langvíu varðar er þó nokkuð misjafnt eftir byggðum hver þróunin er. Taka ber niðurstöðum um þróun álkustofnsins með fyrirvara vegna eðlis vöktunar bjargfuglastofna, sem byggir á talningum af sniðum í bjargi en álkur verpa helst í urðum.

Skotveiðitímabil á svartfuglum hér á landi er langt og því lýkur seint í samanburði við veiðitímabil annars staðar á útbreiðslusvæði umræddra stofna. Samkvæmt núgildandi reglugerð hefst veiðitímabilið á Íslandi 1. september ár hvert og stendur til 25. apríl. Í Kanada lýkur veiðitímabilum á bilinu frá 16. desember til 10. mars eftir svæðum (Government of Canada 2022). Á Grænlandi lýkur veiðum nánast alveg í lok febrúar en með mjög takmörkuðum undantekningum mega veiðar á vissum svæðum standa fram í júní. Fyrirkomulag, eðli og forsendur þeirra veiða er þó allt annað en hér tíðkast (Frederiksen o.fl. 2019, Labansen 2021, Nalunaarutit 2023). Í Færeyjum lýkur veiðitímabili á álkum, langvím og lundum 20. janúar ár hvert (Lógasavnið 2023). Annarsstaðar í Norður Atlantshafi eru veiðar ekki heimilar á þessum tegundum.

Núverandi veiðitímabil hér landi hefur verið óbreytt frá árinu 2012 en þar áður náði það fram til 10. maí. Með styttingu veiðitímans var vonast til að draga úr afföllum og álagi á stofna svartfugla á þeim tíma sem þeir nálgast land og fara að setjast upp í varpstöðvum. Ekki var gerð nánari grein fyrir hvernig sú dagsetning var ákveðin en vitnað til greinargerðar starfshóps um vernd og endurreisn svartfuglastofna (Umhverfisstofnun 2011). Í þeirri greinargerð lagði meirihluti starfshópsins til að friða allar tegundir svartfugla sem verpa hér á landi: teistu, lunda, álku, langvíu og stuttnefju fyrir skotveiðum og eggjatöku, til fimm ára og endurskoða veiðitímabil þegar tímabært væri að hefja veiðar aftur. Fulltrúi Umhverfisstofnunar skilaði séráliti þar sem lagt var til að veiðar yrðu áfram leyfðar en að veiðitími yrði stytur í báða enda og stæði frá 1. október til 31. mars. Það er því ekki ljóst hvernig veiðitímabil á þessum tegundum hér á landi er ákvarðað þó að markmið breytingarinnar frá 2012 sé skýrt.

Í skýrslu nefndar um lagalega stöðu villtra fugla og spendýra frá árinu 2013 komu eins fram tillögur um styttingu veiðitíma á svartfuglum en þá þannig að veiðum lyki 15. mars. Rök nefndarinnar fyrir tillögunni voru eftirfarandi:

”1) Varptími svartfugla (sú atburðarás er hefur áhrif á varp, t.d. þörun og varnir hreiðurstæða) er hafinn í lok veiðitíma, (2) veiðarnar eru líklegar til að koma meira niður á fullorðnum varpfuglum, (3) meginsjónarmið í alþjóðasamþykktum og í fuglatilskipuninni [innsk. Directive 2009/147/EC of the European Parliament and of the Council of 30 November 2009 on the conservation of wild birds] er að veiða ekki fugla þegar þeir snúa til baka úr vetrarheimkynnum.” (Menja v. Schmalensee o.fl. 2013).

Íslenskar stuttnefjur dvelja að mestu leyti við V-Grænland frá hausti og fram í febrúar þegar þær taka að tynast til landsins aftur (Linnebjerg o.fl. 2018, Merkel o.fl. 2021, SEATRACK 2025). Lundar yfirgefa einnig Íslandsmið að hausti og halda suður í Atlantshaf þar sem þeir dvelja fram að vori er þeir snúa aftur. Langvíur og álkur halda sig hins vegar mun meira til við Ísland allan ársins hring þó þessar tegundir leiti einnig út fyrir Íslandsmið að einhverju leyti utan varptímans. Norskar stuttnefjur sem hér halda til yfir háveturinn fara, líkt og þær íslensku, aftur til síns heima þegar líða tekur að vori (Merkel o.fl. 2019, Merkel o.fl. 2021, SEATRACK 2025). Þetta bendir til þess að þeir svartfuglar sem veiddir eru hér við land að vori séu að mestu leyti íslenskir.

Hvers vegna er þörf á því að stytta veiðitíma svartfugla að vori?

Aldurssamsetning afla og sjálfbærni veiða

Til að veiðar geti talist stofnvistfræðilega sjálfbærar mega þær ekki auka við náttúrulega dánartíðni og draga úr nýliðun inn í varpstofn umfram það sem stofninn nær að bæta upp. Þó veiðar á svartfuglum hér við land séu líklega ekki ráðandi þáttur í neikvæðri stofnþróun þeirra síðustu áratugi geta þær hafa átt sinn þátt í henni, eins og rannsókn Morten Frederiksen og félaga (2019) sýnir glögglega fram á við Grænland og Kanada. Í því ljósi verður að hafa í huga að fyrir stofna langlífra lífvera með litla tímgunargetu eins og svartfugla hafa afföll kynþroska einstaklinga hlutfallslega mun meiri áhrif á stofnþróun en afföll ókynþroska einstaklinga (Lebreton og Clobert 1991). Erfitt er að spá fyrir um hversu mikið meiri slík áhrif eru en næmnigreining (e. *sensitivity analysis*) á stofnlíkani fyrir grænlenkskar stuttnefjur benti til þess að brottfall á fullorðnum fuglum úr stofni hefði 3,0-3,4 sinnum meiri áhrif á stofnþróun en sama brottfall fugla á fyrsta ári (Falk og Kampp 2002). Breytingar á

aldurssamsetningu svartfugla í afla eftir árstíma er þekkt fyrirbrigði þar sem slíkar veiðar eru stundaðar. Fela þessar breytingar í sér hátt hlutfall fugla á fyrsta ári í veiði að hausti en hærra hlutfall fullorðinna fugla að vori. Af þessum sökum hafa til að mynda orðið miklar breytingar á veiðistjórnun á Grænlandi á undanförunum árum. Þá sér í lagi takmarkanir á vorveiðum vegna aukins hlutfalls fullorðinna fugla í afla þegar líður á vorið (Falk og Kampp 2002, Labansen 2021). Á þeim forsendum hafa Grænlandingar talið svartfuglaveiðar að vori ósjálfbærar (Lebreton og Clobert 1991, Falk og Kampp 2002, Labansen 2021). Könnun á afla veiðimanna á Austurlandi árin 2020 og 2021 sýndi að það sama var uppi á teningnum hér á landi (Hálfðán H. Helgason o.fl. 2022). Afli að hausti og vetri samanstóð nær eingöngu af fuglum á fyrsta ári eða 100% og 99,4% hvort ár, 2020 og 2021, fyrir langvíu og 100% og 98,4% fyrir álku. Að vori snérust hlutföllin við fyrir langvíur og voru 2,9% og 11,9% fuglar á fyrsta ári, hvort árið, auk þess sem að hlutfall fyrsta árs álkna lækkaði marktækt og var 37,5% árið 2020 en 64,9% árið 2021. Lundar fengust einvörðungu að vori og þá einungis fullorðnir fuglar. Þó að í þessari rannsókn hafi einungis tvö ár verið undir og sýnið úr einum landshluta sýndu niðurstöður fram á að veiðitímabil skaraðist við varptíma og að líkur á því að afli samanstæði af fullorðum fuglum hækkuðu til muna upp úr áramótum og fram á vor. Eins voru vísbendingar um að í óhagstæðum árum, þegar stofnar eru viðkvæmari, kunni vægi vorveiða að aukast.

Truflun á viðkvæmum tíma

Samkvæmt niðurstöðum tilrauna í Grænlandi á viðbrögðum bjargfugla við skothvillum fældust fuglar úr björgum við skothvelli í allt að 5 km fjarlægð (Labansen o.fl. 2021). Hér á landi er bannað að hleypa af byssum innan 500 metra frá skilgreindum fuglabjörgum. Í ljósi þessa má gera ráð fyrir að vorveiðum hér á landi fylgi hætta á truflun á viðkvæmum tíma fyrir fuglinn.

Hvenær væri rétt að ljúka veiðitímabili á svartfuglum?


Upphaf varptíma svartfugla miðað við fyrstu egg

Hér á landi hefur verið fylgst með upphafi varps í 5 sjófuglabbyggðum frá árinu 2017 með sjálfvirkum myndavélabúnaði. Niðurstöður sýna að upphaf varps langvíu sé jafnan fyrst meðal svartfugla í þessum byggðum og það geti verið allt frá 25. apríl (Yann Kolbeinsson o.fl. 2023). Sniðtalningar í Ingólfshöfða benda til þess að varp langvía þar geti hafist nokkru fyrr, eða um 20. apríl (Yann Kolbeinsson o.fl. 2019). Krufningar á langvíum á Austurlandi benda sömuleiðis til þess að langvíur séu með fullproskuð egg eða jafnvel búnir að verpa um 20. apríl (Hálfðán H. Helgason o.fl. 2022a og 2022b). Sé miðað við að fyrstu langvíur séu að verpa um eða eftir miðjan apríl þýðir það að fuglar makist og egg taki að þroskast í byrjun apríl, því þroskun eggins tekur um hálfan mánuð (Birkhead og Del Nevo 1987).


Upphaf varptíma miðað við komutíma í bjarg

Frá árinu 2013 hafa verið settir dægurrítar (e. *geolocator*) á langvíur og stuttnefjur í þremur byggðum hér á landi: Látrabjargi, Grímsey og Langanesi. Í upphafi voru þessar rannsóknir studdar af Veiðikortasjóði en síðan 2014 hafa þessar rannsóknir verið unnar sem hluti af alþjóðlegu samstarfsverkefni, SEATRACK, sem er bæði stutt og leitt af Norðmönnum. Auk upplýsinga um

staðsetningu mæla þessir dægurritar leiðni, sem gefur upplýsingar um hvort þeir séu í sjó eða ekki. Út frá leiðnimælingum er því hægt að fá upplýsingar um hvenær fuglar setjast upp í björgin og hefji þar með undirbúning varps. Greining þessara gagna, frá árunum 2013-2023, sýnir fram á að langvíur byrja að jafnaði að setjast upp í björg um og upp úr miðjum febrúar og stuttnefjur skömmu síðar eða um mánaðamótin febrúar-mars (1. mynd). Þetta er í raun ekki ósvipað gögnum sem fengist hafa með sjálfvirkum myndavélum (2.-3. mynd). Þær sýna að langvíur setjast fyrst upp í björg um 3 vikum fyrr en stuttnefjur, eða í síðari hluta janúar. Álkur virðast einnig setjast upp fremur seint líkt og stuttnefjur en takmarkaðar upplýsingar eru til um þær. Árið 2021 sáust þær í Látrabjargi þann 25. febrúar (sama dag og stuttnefjur þar). Árið 2023 sáust þær í Grímsey 14. febrúar.



1. mynd. Meðalhutfall þurrskráninga úr dægurritum sem settir voru á langvíur og stuttnefjur á Íslandi árin 2013-2023. Áætlaðir meðalkomutímar ásamt staðalfrávikum í björg eru sýndir með lóðréttum brotalínum. Komutími er áætlaður við þegar daglegt hlutfall þurrskráninga fer yfir fjögur staðalfrávik skráninga að hausti þegar fuglar eru ekki í bjargi (ágúst-desember).



2. mynd. Fyrsti komudagur fyrstu fugla, langvía (n=18) og stuttnefja (n=15) í björg á Íslandi árin 2018-2024, þ.e. fyrsti dagur ársins sem fuglar sitja í bjargi. Byggt á gögnum sjálfvirkra vöktunarmyndavéla í fimm björgum (Skoruvíkurbjarg, Grímsey, Hælavíkurbjarg, Látrabjarg og Elliðaey í Vestmannaeyjum).



3. mynd. Langvíur á varpsyllum í Hælavíkurbjargi, 4. febrúar 2020, mynd úr sjálfvirkri vöktunarmyndavél.

Tillaga um styttingu veiðitíma svartfugla við Ísland

Líkt og rakið hefur verið benda fyrirbyggjandi gögn til þess að vorveiðar á svartfuglum bitni fyrst og fremst á fullorðnum fuglum af íslenskum uppruna í varpundirbúningi. Eitthvað er veitt af bæði stuttnefjum og lundum á þessum tíma en stofnar þessara tegunda hafa sýnt langtímahnignun og þarf að horfa til sjálfbærni svartfuglaveiða í því ljósi. Þá sýna gögn fram á að á núverandi veiðitímabili eru hér veiddir svartfuglar að vori sem haldið hafa til á varpstað í margar vikur/mánuði eftir að hafa snúið heim frá vetrarstöðvum og eru jafnvel þegar orpnir eða að þroska egg.

Hér er lagt til að horft verði til sömu viðmiða um lengd veiðitímabils og nefnd um lagalega stöðu villtra fugla og spendýra gerði árið 2013, þ.e. varptími sé ekki hafinn og veiðar nái sem minnst til fullorðinna fugla eftir að þeir eru farnir að halda til á varpstöðvum og undirbúa varp. Út frá gögnum úr dægurritum og vöktunarmyndavélum er vel hægt að rökstyðja að langvíur séu ekki veiddar hér við land frá og með 15. janúar skv. þessum viðmiðum. Veiðitími stuttnefju út frá sömu forsendum ætti ekki að vera lengri en til 15. febrúar. Ekki hafa verið greind gögn um komutíma álkna í björg en þær verpa að jafnaði aðeins seinna en stuttnefjur (sjá Yann Kolbeinsson o.fl. 2023). Ekki er ólíklegt að þær komi um svipað leyti eða aðeins seinna en stuttnefjur í björgin. Lundar birtast venjulega hér við land í lok mars eða fyrri hluta apríl og sjást þá strax í byggðum. Samkvæmt fyrrnefndum viðmiðum ætti því ekki að veiða lunda eftir 1. apríl.

Með vísan til framangreinds er það tillaga okkar að veiðitíma svartfugla ljúki í síðasta lagi 15. janúar, þegar gera má ráð fyrir að langvíur hefji varpundirbúning sinn. Stytting veiðitíma svartfugla með þessum hætti væri til mikilla bóta í samhengi sjálfbærni veiðanna og alþjóðasamninga um náttúruvernd. Líkt og greint var frá að framan er veiðitíma á svartfuglum lítil takmörk sett hér á landi í samanburði við önnur lönd þar sem slíkar veiðar eru einnig stundaðar og stytting hans væri því í takt við þróun annars staðar þar sem sömu tegundir eru veiddar í N-Atlantshafi.

Heimildir

- Arnpór Garðarsson, Guðmundur A. Guðmundsson og Kristján Lilliendahl 2019. Svartfugl í íslenskum fuglabjörgum 2006-2008. – Bliki 33: 35-46.
- Birkhead, T.R. & A.J. Del Nevo 1987. Egg formation and the pre-laying period of the Common guillemot *Una aalge*. Journal of Zoology 211 (1): 83-88. <https://doi.org/10.1111/j.1469-7998.1987.tb07454.x>
- Erpur Snær Hansen og Rodrigo Ademar Martinez Catalan 2024. Stofnvöktun Lunda 2023. Áfangaskýrsla til Umhverfisstofnunar. Náttúrustofa Suðurlands. 54 bls.
- Falk, K. & K. Kampp 2002. Lomvæn i Grønland: Mulige effekter af forskellige bestands-påvirkende faktorer, og praktiske grænser for ressourceudnyttelse. 38, Greenland Institute of Natural Resources, Nuuk.
- Frederiksen, M., J.F. Linnebjerg, F.R. Merkel, S.I. Wilhelm & G. Robertson 2019. Quantifying the relative impact of hunting and oiling on Brünnich's guillemots in the North-west Atlantic. Polar Research 38: 1-11. <https://doi.org/10.33265/polar.v38.3378>
- Government of Canada 2022. Migratory Birds Hunting Regulations: Newfoundland and Labrador - <https://www.canada.ca/en/environment-climate-change/services/migratory-game-bird-hunting/regulations-provincial-territorial-summaries/newfoundland-labrador.html> (Sótt Janúar 2025).
- Hálf dán H. Helgason, Yann Kolbeinsson, Páll Leifsson, Sindri Gíslason og Þorkell Lindberg Þórarinnsson 2022. Greiningar á aldurs- og tegundasamsetningu svartfugla út frá útlitseinkennum vængja. Náttúrustofa Austurlands, NA-2200224. 18 blaðsíður.
- Labansen, A.L. 2021. Makin' some noise - A study on anthropogenic threats to thick-billed murre (appa, *Uria lomvia*) in Greenland. Doktors ritgerð Graduate School of Technical Sciences, Department of Bioscience, Aarhus University, Denmark ISBN:87-91214-94-
- Labansen, A.L., F. Merkel, & A. Mosbech 2021. Reactions of a colonial seabird species to controlled gunshot disturbance experiments," Wildlife Biology, 2021(1), wlb.00752, (15 March 2021)
- Linnebjerg J.F., M. Frederiksen, Y. Kolbeinsson, A.Ö. Snaethórsson, B. Thórisson & T.L. Thórarinnsson 2018. Non-breeding areas of three sympatric auk species breeding in three Icelandic colonies. Polar Biology 41, 1951–1961, <http://dx.doi.org/10.1007/s00300-018-2334-1>.
- Lebreton, J.-D. & J. Clobert 1991. Bird population dynamics, management and conservation: the role of mathematical modelling. Bird Population Studies: Relevance to Conservation and Management (eds C.M. Perrins, J.-D. Lebreton & G.J.M. Hirons), pp. 105–125. Oxford University Press, Oxford.
- Lógasavnið 2023. Løgtingslóg nr. 27 frá 9. september 1954 um fuglaveiðu, sum seinast broytt við løgtingslóg nr. 70 frá 22. mai 2023 - https://www.logir.fo/Logtingslog/27-fra-09-09-1954-um-fuglaveidu-vm-sum-seinast-broytt-vid-logtingslog-nr-34-fra?fbclid=IwY2xjawH_DY1leHRuA2FlbQlXMAABHeKhgfFnpPc5UF9NRt3J2zr1Gf6cQFsaI_aSE2gTr3li577aD5jBOGhaAQ_aem_Ulzy9p6wCJFZPTQWf0jTpA (Sótt Janúar 2025)
- Menja von Schmalensee, Kristinn H. Skarphéðinsson, Hildur Vésteinsdóttir, Tómas G. Gunnarsson, Páll Hersteinsson, Auður L. Arnpórsdóttir, Hólmfríður Arnardóttir og Sigmar B. Hauksson (2013). Vernd, velferð og veiðar villtra fugla og spendýra. Lagaleg og stjórnsýsluleg staða og tillögur um úrbætur. Skýrsla unnin fyrir umhverfis- og auðlindaráðherra. 350+xi bls. ásamt viðaukum.
- Merkel, B., S. Descamps, N.G. Yoccoz, J. Danielsen, F. Daunt, K.E. Erikstad, A.V. Ezhov, D. Grémillet, M. Gavrilov, S.H. Lorentsen, T.K. Reiertsen, H. Steen, G.H. Systad, Þ.L. Þórarinnsson, S. Wanless & H. Strøm 2019. Earlier colony arrival but no trend in hatching timing in two congeneric seabirds (*Uria* spp.) across the North Atlantic. Biol Lett. 2019 Oct 31, 15(10):20190634. doi: 10.1098/rsbl.2019.0634. Epub 2019 Oct 23. PMID: 31640526, PMCID: PMC6832195.
- Merkel B, Descamps S, Yoccoz NG, Grémillet D and others 2021. Strong migratory connectivity across meta-populations of sympatric North Atlantic seabirds. Mar Ecol Prog Ser :SEAav3. <https://doi.org/10.3354/meps13580>
- Nalunaarutit 2023. Selvstyrets bekendtgørelse om beskyttelse og fangst af fugle - https://nalunaarutit.gl/groenlandsk-lovgivning/2023/selvstyrets-bekendtgørelse-nr-22-af-30_05_2023?sc_lang=da (Sótt Janúar 2025).
- SEATRACK 2025. Útbreiðsla íslenskra álka, langvía og stuttnefja sóttar úr vefsíðu SEATRACK verkefnisins, www.seatrack.net (sótt í janúar 2025).
- Sutherland, W.J. 2001. Sustainable exploitation: a review of principles and methods. Wildl. Biol. 7: 131-140. <https://doi.org/10.2981/wlb.2001.017>
- Umhverfisráðuneytið 2011. Starfshópur umhverfisráðherra um verndun og endurreisn svartfuglastofna. Greinargerð og tillögur starfshópsins. Umhverfisráðuneytið. 39 blaðsíður.

https://www.stjornarradid.is/media/umhverfisraduneytimedia/media/PDF_skrar/Tillogur-svartfuglahops-2011.pdf
(Sótt í nóvember 2021).

Umhverfisstofnun 2020. Veðiðitölur Umhverfisstofnunar. <https://www.ust.is/veidi/veiditolur/> (Sótt í nóvember 2021).

Yann Kolbeinsson, Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Cristian Gallo, Erpur Snær Hansen, Jón Einar Jónsson, Róbert Arnar Stefánsson, Sindri Gíslason og Arnþór Garðarsson 2019. Vöktun bjargfuglastofna á Íslandi 2017 - 2019. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA-1906.

Yann Kolbeinsson, Snæþór Aðalsteinsson, Þorkell Lindberg Þórarinnsson, Brynjúlfur Brynjólfsson, Cristian Gallo, Hálfván Helgi Helgason, Jón Einar Jónsson, Rodrigo A. Martínez Catalán, Róbert Arnar Stefánsson og Sindri Gíslason 2023. Vöktun bjargfuglastofna á Íslandi 2020 – 2022. Skýrsla unnin fyrir Umhverfisstofnun. Náttúrustofa Norðausturlands, NNA-2304.